

Farið yfir á eldrauðu ljósi

● Flest sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og einnig Reykjanesbær fóru rækilega yfir á rauðu ljósi í skuldaföfnun ef miðað er við skuldir sem hlutfall af tekjum ● Skuldbindingar vegna leigu verða skuldir

Á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ búa um 215 þúsund manns, um tveir þriðju þjóðarinnar. Langflest sveitarfélögin eru verulega skuldsett, sum upp í rjáfur.



FRÉTTASKÝRING

Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

SKULDASÖFNUN flestra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesbæjar er slík að hún jafngildir því að bæjarsjóðirnir hafi ekið gegn eldrauðu ljósi.

Engin ákvæði eru í lögum um hversu miklum heildarskuldum sveitarfélög mega safna. Það ákvæði í sveitarstjórnarlögum sem fer næst því að setja takmörk við skuldaföfnun er ekki beinlínis afdráttarlaust. Þar segir: „Sveitarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.“

Einkunn tekur mið af tekjum

Ljóst er að ýmis sveitarfélög hafa skuldsett sig fram úr hófi í stað þess að safna í sjóði eða greiða niður skuldir. Afleiðingarnar sjást m.a. á því að nú þegar atvinnuleysi er um 9,3% þurfa mörg þeirra að draga verulega saman í rekstri. Í þenslunni stóðu sömu sveitarfélög hins vegar fyrir gríðarlegum framkvæmdum.

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur undanfarið sent bréf til nokkurra sveitarfélaga þar sem segir að skuldastaða þeirra sé verri en við verði unad. Nefndin hefur þó ekki birt upplýsingar um hvert skuldapól þeirra sé, með þeirri einu undantekningu að Sveitarfélagið Álftanes er sagt geta staðið undir 2-2,5 milljarða króna skuldum en ekki 7,1 milljarða skuld, eins og raunin er.

Þau sveitarfélög sem hafa verið beðin sérstaklega um að senda eftirlitsnefndinni upplýsingar um fjárhaginn en eru enn til athugunar hjá nefndinni eru: Kópavogur, Grundarfjörður, Fljótshálsa og Fjarðarbyggð. Þau fá bréf á næstu dögum.

Jóhannes Finnur Halldórsson, starfsmaður eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, segir að enginn einhlítur mælikvarði sé til á skuldapól sveitarfélaga. Dæmi séu um sveitarfélög sem skuldi mjög

Skuldir og skuldbindingar átta sveitarfélaga

(A- og B- hluti bæjarsjóða)		Skuldir sem hlutfall af tekjum	Skuldir á hvern íbúa
Álftanes (2.524 íbúar)			
Tekjur (eftir hækkun útsvars o.fl.)	1.342.071.000	536%	2.852.615
Skuldir og skuldbindingar	7.200.000.000		
Reykjanesbær (14.081 íbúar)			
Tekjur	8.275.055.000	399%	2.345.327
Skuldir og skuldbindingar	33.024.550.000		
Reykjavík (118.427 íbúar)			
Tekjur	89.384.569.000	476%	3.594.953
Skuldir og skuldbindingar	425.739.535.132		
Án tekna Orkuveitu Reykjavíkur	63.102.408.000		
Án skulda Orkuveitu Reykjavíkur	174.795.576.132	277%	1.475.977
Hafnarfjörður (25.872 íbúar)			
Tekjur	12.922.351.000	286%	1.430.118
Skuldir	37.000.004.000		
Kópavogur (30.314 íbúar)			
Tekjur	17.990.554.000	208%	1.235.368
Skuldir og skuldbindingar	37.448.953.000		
Mosfellsbær (8.527 íbúar)			
Tekjur	4.612.756.000	171%	923.605
Skuldir og skuldbindingar	7.875.583.000		
Garðabær (10.587 íbúar)			
Tekjur	5.344.527.000	114%	576.922
Skuldir og skuldbindingar	6.107.869.257		
Seltjarnarnes (4.406 íbúar)			
Tekjur	2.472.851.000	76%	426.760
Skuldir og skuldbindingar	1.880.306.000		
Íbúar samtals	214.738		
Tekjur samtals	142.344.734.000	391%	2.590.491
Skuldir og skuldbindingar samtals	556.276.800.389		
Tekjur án Orkuveitu Reykjavíkur	116.062.573.000	263%	1.421.885
Skuldir og skuldbindingar án Orkuveitu Reykjavíkur	305.332.841.389		

▲ Skuldir 50% eða minna af árl. tekjum
▲ Skuldir 51-100% af árl. tekjum
▲ Skuldir 101-150% af árl. tekjum
▲ Skuldir meira en 150% af árl. tekjum

Heimildir: Fjárhagsáætlun 2010, ársreikningur 2008, skýrsla ráðgjafa eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um Álftanes, Hagstofan.

mikið en eigi þrátt fyrir það mikla fjármuni á bankareikningum.

Hann telji þó að flokka megi skuldug sveitarfélög eftir því hversu skuldir eru hátt hlutfall af árlegum tekjum. Það mætti setja skuldsetninguna í fjóra lítaflokkka; grænan, gulan, bleikan og rauðan.

Í græna flokknum eru sveitarfélög með heildarskuldir sem nema 50% eða minna af árlegum tekjum. Í gulum flokki eru þau sem skulda 51-100% af árlegum tekjum, í bleikum flokki eru þau sem skulda 101-150% og í rauðum flokki eru sveitarfélög sem skulda meira en 150% af árlegum tekjum. Jóhannes segir að litirnir tali sínu máli. „Það á enginn að fara yfir á rauðu ljósi,“ segir hann.

Einn í hlutastarfi

Einn starfsmaður í hlutastarfi starfar fyrir eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Búið er að auglýsa eftir öðrum starfsmanni í fullt starf, tímabundið. Í nýju lagafrumvarpi er lagt til að sveitarfélög sendi upplýsingar úr bókhaldi til samgönguráðuneytisins, eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og fleiri, á þriggja mánaða fresti. Þá er mælt fyrir auknum aðgangi nefndarinnar að bókhaldi sveitarfélaga.

Skuldir Reykjanesbæjar aukast um helming milli ára vegna leigusamninga

SVEITARFÉLÖG eiga framvegis að færa alla rekstrarleigusamninga vegna fasteigna til eignar og skuldar í ársreikningum, samkvæmt ákvörðun reikningsskila- og upplýsinganefndar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

Ein af afleiðingum þessa er að bókfærðar skuldir Reykjanesbæjar munu aukast um helming milli ára. Ástæðan fyrir þessu er hinn mikli fjöldi rekstrarleigusamninga sem Reykjanesbær hefur gert við Eignarhaldsfélagið Fasteign. Ekkert annað sveitarfélag hefur gert svo marga slíka samninga.

Skuldir og skuldbindingar bæjarsjóðs Reykjanesbæjar nema tæplega 14,2 milljörðum króna en heildarskuldir sveitarfélagsins (samstæðunnar) námu ríflega 21 milljarði, skv. fjárhagsáætlun fyrir árið 2010. Ofan á þetta bætast skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga en þær nema 12 milljörðum, samkvæmt ársreikningi 2008, þegar skuldbindingar vegna þeirra voru síðast birtar. Samtals verða því 33 milljarða skuldir færðar til bókar.

Jóhannes Finnur Halldórsson er starfsmaður eftirlitsnefndar með



Morgunblaðið/Ómar

Vinnu! Fyrir í vetur var atvinnuleysi á Suðurnesjum mótmælt.

fjármálum sveitarfélaga og fyrrverandi formaður reikningsskila- og upplýsinganefndar, sem er m.a. ætlað að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga. Hann segir að í raun sé enginn munur á því fyrir fjárhag sveitarfélags hvort það taki lán til að hægt sé að reisa fasteignir, s.s. skólahúsið, eða taki húsið á rekstrarleigu til margra áratuga. Það sé í rauninni fjármögnunarleiga. Því eigi að færa rekstrarleiguna sem skuld í bókhald sveitarfélaga og færa eign á móti.

Rétt er að taka fram að Reykjanesbær er ekki að taka á sig nýjar skuldbindingar heldur eru skuldbindingar vegna leigunnar færðar sem skuld og að á móti munu fasteignirnar sem eru leigðar á rekstrarleigu verða færðar til eignar.

Telur óvíst að breyttar reglur gefi skýrari mynd og segir bæinn ráða við skuldir

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, telur að sú breyting að rekstrarleigusamningar á fasteignum verði færðir til skuldar, muni ekki endilega gefa skýrari mynd af efnahag Reykjanesbæjar eða annarra sveitarfélaga sem hafi farið þessa leið við fjármögnun fasteigna, nema eignamyndunin sé þá skráð á móti. Það sé mikill munur hvort verði sé að leigja af eigin félagi, eins og í tilvikum Reykjanesbæjar eða alls óskyldum aðila. Hins vegar eigi þeir sem setja reglurnar enn eftir að ákveða hvernig eignir verði færðar á móti leiguskipti og þar af leiðandi verði rekstrarleigan ekki færð sem skuld fyrir en í ársreikningi 2010. Ljóst sé að með því að færa rekstrarleigusamninga sem skuld og leigðu fasteignirnar sem eignir, verði bæði eignir og skuldir blásnar upp. Að mati endurskoðenda sé talið líklegt að hlutfall milli eigna og skulda geti orðið svipað og nú.

Um skuldastöðu Reykjanesbæjar segir Árni að skuldbindingar tengist árlegri greiðslu til eigin félags á samningstíma, sem sé ekki áhyggjuefni. Hann segir eiginlegar skuldir byggjast á fjárfestingu í atvinnu sem muni skila sér margfalt á næstu árum. „Okkar greiðsluáætlun sýnir að þetta er vel gerlegt vegna þeirra nýju atvinnuverkefna sem eru að komast á laggirnar. Starstu verkefni, álverið, gagnaverið, sjúkrahúsið, kísilverið og flugtengd starfsemi, munu skila miklum útsvars- og fasteignatekjum á næstu árum. Við teljum að Reykjanesbær sé sveitarfélag sem er mjög vel í stakk búið til að standa undir þjónustu til framtíðar vegna þeirra nýju atvinnuverkefna sem eru að koma inn,“ segir Árni Sigfússon.



Árni Sigfússon

Eyddu í uppsveiflunni en skera niður í kreppunni

● Efnahagsstjórn sveitarfélaga ýtti undir þensluna

VÍÐA á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ má sjá skýr merki um að sveitarfélög létu ekki sitt eftir liggja í góðærinu sem lauk svo harkalega haustið 2008.

Lóðaúthlutanir og samkeppni á því sviði eru sérkapítuli. Mikið var byggt af skólum, íþróttahúsum, sundlaugum og þess háttar. Dýrasta framkvæmdin er auðvitað Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavíkurborg, Harpa, en ráðist var í hana í miðri uppsveiflunni árið 2006. Sú framkvæmd var og er bæði á ábyrgð Reykjavíkurborgar og ríkisins en ríkið var sömuleiðis framkvæmdaglatt í uppsveiflunni. Nú blasir hins vegar við niður-

skurður, bæði hjá langflestum sveitarfélögum og hjá ríkinu.

Juku tekjur en eyddu meiru

Í fyrirlestri Björns Rúnars Guðmundssonar, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, kemur fram að frá 2000-2007 jukust tekjur sveitarfélaga úr 11,5% af vergri þjóðarframleiðslu í 13,6%. Þrátt fyrir þessar auknu tekjur voru sveitarfélög í heild aðeins rekin með tekjuafgangi í fimm ár af þessum átta. Þegar þau skiluðu tekjuafgangi var hann örflittill og að meðaltali mun minni en hallarekstur ári á undan.

Þá kemur fram að frá árinu 1980

til 2008 hafi tekjur sveitarfélaga aðeins átta sinnum verið hærri en útgjöld þeirra.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna umsóknar Íslands um aðild er nokkuð fjallað um efnahagsstjórn landsins og skuldastöðu.

Þar segir m.a. að efnahagsstefna Íslands hafi í raun ýtt undir efnahagsveifluna. Aðhald hafi ekki verið nægjanlegt og landið hafi hvorki safnað í varasjóð meðan á uppsveiflunni stóð, né heldur hafi verið skorið niður í opinberum rekstri. Um leið hafi varnaðarorð, um að efnahagslífið væri að ofhitna, verið hunsuð.



Þú stuðlar að herra atvinnustigi með því að lesa þetta blað

www.vikaverslunar.is

